

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um meðalþunga, sem lagður er til
grundvallar við hleðslu loftfara nr. 52 27. febrúar 1976.

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Meðalþungi fólks.

- 3.1. Við útreikningu á flugtaks massa og hleðslu loftfars, sem hefur mesta leyfilegan flugtaks massa meiri en 5700 kg, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) karl í áhöfn/karlfarþegi eldri en 12 ára	85 kg
b) kona í áhöfn/kvenfarþegi eldri en 12 ára	69 kg
eða	
c) flugverji/farþegi eldri en 12 ára	78 kg
d) barn 2—12 ára	30 kg
e) barn yngri en 2 ára	10 kg

Flugrekandi sem annast reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega ef hann með nægilega stóru úrtaki eða á annan fullnægjandi hátt sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

- 3.1.1. Í meðalþunganum fyrir áhöfn og farþega er innifalinn aðeins léttur handfarangur allt að 10 kg., t.d. handtöskur, myndavélar og varningur keyptur í frihöfnum eftir að farþegar hafa afhent annar farangur sinn. Þótt um engan handfarangur sé að ræða má ekki lækka ofangreindan meðalþunga í gr. 3.1. né eftirgreindan í gr. 3.2.

Allan annan farangur skal vega og færa inn á hleðslu- og jafnvægis skrá.

- 3.1.2. Þegar nauðsynlegt er talið, skal ganga úr skugga um raunverulegan þunga fólks með því að vigta alla, farþega og áhöfn, ásamt handfangri. Athugasemd um þetta skal gerð í hleðslu- og jafnvægis skrá.

- 3.2. Við útreikninga á flugtaks massa og á hleðslu loftfara, sem hafa mestan leyfilegan flugtaks massa 5700 kg eða minni, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) Karl í áhöfn/karlfarþegi eldri en 12 ára	85 kg
b) Kona í áhöfn/kvenfarþegi eldri en 12 ára	69 kg
c) Barn 2—12 ára	30 kg
d) Barn yngra en 2 ára	10 kg

Flugrekandi, sem rekur reglubundið áætlunarflug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega í lofförum sem hafa 15 eða fleiri farþegasæti ef hann með nægilega stóru úrtaki eða á annan fullnægjandi hátt sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

- 3.2.1. Í þessum þungatölum er aðeins innifalinn samskonar handfarangur og greinir í gr. 3.1.1.

- 3.2.2. Ef flugstjóri telur að raunverulegur þungi sé annar en sá sem hér er nefndur meðalþungi fólks, þá skal hann ganga úr skugga um hver sé hinn raunverulegi þungi fólks og farangurs.

2. gr.

4. gr. hljóði svo:

Handfarangur í farþegaklefa.

- 4.1. Þjónustuliðar í farþegaklefa, eða einhver tiltekinn aðili í áhöfn skal sjá svo um að allur farangur, sem farþegar flytja með sér í farþegaklefa, sé á öruggum stað við flugtak og lendingu, svo sem í farangurs- og vöruhólfi, undir farþegasætum eða á annan hátt tryggilega frá honum gengið.
- 4.2. Flugrekandi skal, annaðhvort með tilkynningaspjöldum eða áletrun á farmiða eða á annan handhægan og greinilegan hátt láta farþega vita um ákvæði þessara reglna um handfarangur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. september 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

29. október 1984

Nr. 395

REGLUGERÐ**um skráningargjald og árgjald sérlyfja á Sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórri til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið ártar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið,

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 5 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á Sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 2 000,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði af starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.